

STJÓRNARTÍÐINDI B 102 – 2000

19. september 2000

1997

Nr. 678

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi Ásvalla,
íþróttá- og útivistarsvæðis Hauka, Hafnarfirði.**

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Ásvalla, íþróttá- og útivistarsvæðis Hauka, á fundi sínum þann 6. júlí 2000.

Tillagan var í grenndarkynningu 14. júlí - 1. september 2000 samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 19. september 2000.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafís Hafliðadóttir skipulagsstjóri Hafnarfjarðarbæjar.

15. september 2000

Nr. 679

AUGLÝSING

**um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.**

1. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir sorpurðunarstað á *Brandsbölum í Borgarfirði eystra*, kt. 480169-6549. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. september 2003.

2. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir urðunarstað við *Búðaröxl í Vopnafjarðarhreppi*, kt. 710269- 5569. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. september 2002.

3. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir sorpurðunarstað *Skeggjastaðahrepps við Bakkafjörð*, kt. 590269-2719. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. september 2002.

4. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir sorpurðunarstað við *Þórshöfn*, kt. 420369-1749. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. september 2002.